



FLÓAHREPPUR

Þingborg 02.09.2022

Staða húsvörðar í félagsheimilum

Á síðasta fundi sveitarstjórnar Flóahrepps var ákveðið að framlengja samningi við verktaka vegna verkefna í félagsheimilum í Flóahreppi til eins mánaðar eða til 1. október 2022. Gengið var frá framlengingu á samningi þann 24. ágúst.

Að tillögu undirritaðrar er lagt til að skoðað verði að ráða tímabundið í 30% starfshlutfall frá 1. október 2022 – 1. maí 2023 og að gerður verði ráðningarsamningur þar um. Auglýst væri eftir áhugasömum aðilum á heimasíðu og facebook síðu sveitarfélagsins. Í apríl 2023 verði auglýst eftir starfsmanni til að sinna hærra starfshlutfalli í félagsheimilum og mögulega öðrum tilfallandi verkefnum innan sveitarfélagsins.

30% starf jafngildir 52 vinnustundum við húsvörslu og væri heildar starfshlutfall við húsvörslu í félagsheimilunum Þingborg og Félagslundi þá 130% yfir vetrartímann eða 225,33 vinnustundir. Miðað við bókunarstöðu má ætla að það dugi til að leysa þrif og minniháttar viðhaldsverkefni.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri